



Stefna LSR um ábyrgar fjárfestingar

Tilgangur

Tilgangur með skjali þessu er að setja fram stefnu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) um ábyrgar fjárfestingar. Með ábyrgum fjárfestingum er átt við að litið sé til umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna við mat, ákvörðun og eftirfylgni fjárfestinga LSR.

Grunnviðmið

Langtímafjárfestir

LSR er langtímafjárfestir sem leitast við að ná góðri ávöxtun á fjárfestingar sínar en jafnframt að vera ábyrgur fjárfestir og stuðla að framþróun starfshátta á fjármálamarkaði. LSR skal gæta að jafnvægi á milli eigna og lífeyrisskuldbindinga og þar af leiðandi þarf sjóðurinn að horfa til langs tíma í fjárfestingum sínum. LSR þarf við fjárfestingarákvarðanir sínar m.a. að huga að gæðum samfélagsins, stöðugleika og fjölbreytni til langs tíma.

Umboðsskylda

LSR skal hafa hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi við mótun fjárfestingarstefnu og við ávöxtun fjár lífeyrissjóðsins. Ein af þeim skyldum sem hvíla á LSR er að setja sér siðferðileg viðmið í fjárfestingum, sbr. 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Umhverfislegir þættir, félagslegir þættir og stjórnarhættir eru hluti af heildaráhættumati sjóðsins við fjárfestingaákvarðanir og eftirfylgni þeirra þar sem þessir þættir geta haft áhrif á ávöxtun og áhættu til lengri tíma.

Sjálfbærni og samkeppnishæfni

Að mati LSR hafa umhverfislegir þættir, félagslegir þættir og stjórnarhættir áhrif á rekstur og samkeppnishæfni fyrirtækja. LSR leitast við að þau félög sem fjárfest er í séu sjálfbær í rekstri og stuðli að sjálfbærri nýtingu auðlinda. Það samræmist langtímahagsmunum sjóðsins, sjóðfélaga og samfélagsins í heild.

LSR sem ábyrgur fjárfestir

LSR leitast eftir því að vera ábyrgur fjárfestir. Þetta felur í sér að við skoðun á fjárfestingakostum er m.a. tekið tillit til umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna við mat á fjárhagslegri áhættu.

LSR hefur skrifað undir viðmið Sameinuðu Þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (e. UN PRI) og þar með hefur sjóðurinn skuldbundið sig til að horfa til framangreindra þátta við mat og ákvarðanir á



fjárfestingum. Í samræmi við viðmið Sameinuðu Þjóðanna skal LSR m.a. beita sér fyrir viðurkenningu á þeim í almennri fjárfestingastarfsemi og starfa með öðrum fjárfestum til að auka þekkingu í tengslum við ábyrgar fjárfestingar. LSR er meðal stofnaðila IcelandSIF en tilgangur þeirra samtaka er að efla þekkingu fjárfesta á aðferðarfræði sjálfbærra og ábygrga fjárfestinga og auka umræðu um ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar.

Sem ábyrgur fjárfestir leitast LSR við að:

- Byggja upp þekkingu og getu stjórnar og starfsmanna til að samþætta umhverfislega þætti, félagslega þætti og stjórnarhætti inn í greiningar og fjárfestingaákvörðanir
- Leggja áherslu á að takmarka samfélagslega áhættu fyrirtækja til þess að það skili sér í betri fjárfestingu
- Reyna, í krafti eignarhalds eða fjárfestinga, að hafa jákvæð samfélagsleg áhrif á fyrirtæki og fjármálamarkað

Aðferðarfræði

LSR skal tileinka sér ábyrga starfshætti og leggja áherslu á vönduð vinnubrögð, fagmennsku og frumkvæði. Fjárfestingar LSR skulu vera með hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi að teknu tilliti til viðeigandi áhættu, þar með talið langtímaáhættu sem getur falist í umhverfisáhættu, félagslegri áhættu og áhættu tengdri stjórnarháttum.

LSR hvetur þau fyrirtæki sem sjóðurinn fjárfestir í að sýna gagnsæi þegar kemur að umhverfislegum þáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum og skýra frá því, svo sem í ársskýrslu, samfélagsskýrslu eða á sambærilegan máta, hvernig starfsemi fyrirtækisins tengist almennt viðurkenndum viðmiðum á þessu sviði svo sem:

- Heimsmarkmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna
- ESG viðmiðum kauphallarinnar
- Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja

Framangreint á jafnframt við um rekstarfélög fyrir hönd þeirra sjóða sem þau starfrækja, verðbréfa- og fjárfestingasjóði sem og útgefendur annarra fjármálagerninga.

Innlendar fjárfestingar í skráðum fjármálagerningum

LSR stefnir að því að láta meta félög og útgefendur skuldabréfa í eignasafni sjóðsins sem skráð eru í kauphöllinni á Íslandi með hliðsjón af umhverfisáhættu, félagslegri áhættu og áhættu tengdri stjórnarháttum. Litið skal til þessara greininga við mat, ákvörðun og eftirfylgni fjárfestinga LSR. Í hluthafastefnu LSR er jafnframt lögð áhersla á góða stjórnarhætti þeirra fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir beint í.

Fjárfestingar í gegnum þriðja aðila

LSR leggur áherslu á að innlendir og erlendir samstarfsaðilar hafi sett sér virka stefnu í umhverfislegum þáttum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum og geti sýnt með greinargóðum hætti hvort og hvernig sé unnið eftir þeirri stefnu við mat og eftirfylgni fjárfestinga. Jafnframt er litið á það jákvæðum augum ef eignastýringaraðilar hafi skrifað undir reglur Sameinuðu Þjóðanna um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI).



Óskráðar eignir / aðrar fjárfestingar

LSR telur að umhverfislegir þættir, félagslegir þættir og stjórnarhættir séu ekki síður mikilvægir fyrir óskráðar fjárfestingar og leggur því áherslu á að tekið sé tillit til framangreindra þátta og samfélagsáhættu í rekstri óskráðra fyrirtækja og sjóða. Samhliða því verður þó að taka tillit til aðstæðna fyrirtækja, samfélagsáhrifa og -áhættu í sambandi við stærð þeirra og þeirra áhrifa sem starfsemin kann að hafa.

Samþykkt á fundi stjórnar LSR þann 12. júní 2019.